

**Stjórnarfundur FEB nr. 444**  
**Þriðjudagur 3.3.2020 kl. 12:00**

Mætt: Ellert B. Schram, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Kári Jónasson, Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkv. stj. og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Dagskrá:

**1. Skýrsla stjórnar fyrir aðalfund 12. mars**

Farið yfir stöðu og undirbúning. Rætt skipulag aðalfundar, fundarstjórn, framkvæmd kosninga, skýrslu stjórnar ofl.

**2. Undirbúningur aðalfundar**

Rætt um fyrirkomulag kynninga á frambjóðendum, annarsvegar til formanns en hinsvegar annarra stjórnarmanna. Talið eðlilegt að amk. frambjóðendur til formanns fái að kynna sig stuttlega en aðrir stjórnarmenn standi upp. Gert ráð fyrir góðri þátttöku og rætt hvort flytja eigi fundinn í stærri sal. Þá var rætt um hugsanleg áhrif Covir19 og hvort hugsanlega kæmi til þess að fresta fundi af þeim sökum. Eftir samráð við Landlækni var ekki talin ástæða til að hugleiða það að sinni en fylgst vel með. Minnt á að helsti áhættuhópur veirunnar væri eldra fólk og fólk með undirliggjandi sjúkdóma.

**3. Ársreikningar 2019**

Reikningar ekki komnir í hús frá Deloitte en þurfa samkvæmt lögum félagsins að vera undirritaðir og framlagðir viku fyrir aðalfund. Þ.e. fyrir kl. 14 á fimmtudag 5.3. Stjórn boðuð til kynningar á ársreikningi og undirritunar í síðasta lagi á fimmtudag nk.

**4. Erindi frá Alþingi**

Óskað er umsagnar FEB um frumvarp til laga frá Alþingi um breytingu á lögum um almannatryggingar nr.100/2007 með síðari breytingum ( frítekjumark vegna lífeyristekna). Framkvæmdastjóra falið að svara jákvætt þ.e. fagni öllum góðum málum.

**5. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.15  
ÓÓI